

Skeljungur hf.  
Bergsteinn Hjörleifsson  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2019  
UST201901-190/Á.M.  
08.06.02

### Eftirlit 2019 - Skeljungur Örfirisey - Reglubundið eftirlit, 26.11. 2019

Þann 26. nóvember sl. fór fram eftirlit í Skeljung Örfirisey. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst



Ásta Maack  
Sérfræðingur



Halla Einarisdóttir  
Verkfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	26.11.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Ásta Maack
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Ásta Maack
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bergsteinn Hjörleifsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinar Guðnason	<b>Staðsetning</b>	356932,537 409711,484

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

### UMFANG EFTIRLITS

1. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er kynnt
2. Viðbragðsáætlunir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
  - a. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
  - b. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
3. Farið yfir ástand lagna, olúgeyma og olíuskilja
4. Farið yfir athugasemd á eftirlitsskýrslu 2018
5. Rennt yfir starfsleyfi

1. og 2. Í eftirliti var fundað með Bergsteini Hjörleifssyni og Steinari Guðnasyni, fulltrúum Skeljungs í Örfirisey. Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda var einnig kynnt, en hún skal vera til staðar á starfsstöðinni.

3. Farið var yfir ástand olíulagna, geyma og skilja í eftirlitinu. Númer og staðsetningar á lögnum í stöðinni hafa breyst lítillega síðustu ár. Til þess að einfalda samanburð og athuganir á því hvaða lagnir hafa verið þrýstiprófaðar síðustu ár uppfærði rekstraraðili skjal sem inniheldur númer á lögnum og ártal á síðustu þrýstiprófunum. Eftirlitsaðila barst þykkarmæling á olúgeymi B214 í eftirliti sem og þykkarmæling á geymi B213 í tölvupósti. Macherey-Nagel olíupróf var gert á öllum olíuskiljum í stöðinni og greindist engin olía á prófunum.


Samkvæmt eftirlitsskýrslu 2018 kom fram ein athugasemd um viðhaldi eða fjarlægingu á tómum ofanjarðargeymi og neðanjarðargeymi. Í eftirliti í ár kom í ljós að ofanjarðargeymirinn hafði verið fjarlægður og rekstraraðili hyggst grafa upp neðanjarðargeyminn og fjarlægja hann á komandi ári. Rekstraraðili er hvattur til þess að láta Umhverfisstofnun vita þegar búið er að fjarlægja geyminn.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss liggur fyrir sem og rekstrarhandbók, starfsleyfi, flæðirit, viðbragðsáætlun, afstöðumynd og ísogsefni. Rekstraraðili er búinn að undirbúa ISO vottun fyrir starfsstöðina, en úttekt byrjar 16. desember næstkomandi. Starfsstöðin er snyrtileg á að líta.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.12.2019

  
Ásta Maack